

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/34/04

frá 17. desember 2014

um viðurkenningu á Japan samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna

(tilkynnt með númeri C(2014) 9590)

(2014/935/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um
lágmarkspjálfun sjómanna ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skirteini farmanna, sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), með áorðnum breytingum.
- 2) Kýpur fór fram á það bréflaga, 13. maí 2005, að Japan yrði viðurkennt. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni, haft samband við yfirvöld í Japan í því skyni að meta kerfi þeirra um menntun, þjálfun og útgáfu skirteina til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eiga að annast. Eftir langvarandi umræður um lagaramma Evrópusambandsins samþykktu yfirvöld í Japan, með bréfi dagsettu 8. mars 2011, að skoðunarhópur kæmi í heimsókn. Framkvæmdastjórnin hélt síðan áfram að meta kerfi Japans um menntun, þjálfun og útgáfu skirteina sem var byggt á niðurstöðum skoðunar, sem sérfræðingar Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust í febrúar 2012, og á svári japanskra yfirvalda frá 10. janúar 2014 við beiðni frá 25. október 2012 um valfrjálsa áætlun um aðgerð til úrbóta.
- 3) Matið gaf ekki tilefni til þungra áhyggna þó svo að í ljós hafi komið að huga þurfi betur að sumum sviðum. Gæðastaðlakerfi siglingamálayfirvalda og mennta- og þjálfunarstofnana fyrir farmenn náði m.a. ekki yfir ýmis ferli. Námskráin og verklega þjálfunin, sem ákvarðaðar voru í samræmi við landsstaðla, tryggðu ekki heldur að kröfum um hæfni, sem mælt er fyrir um í tengslum við námskeið í „þjörgun mannlífa“ og „slökkvistarf“, væri fullnægt.
- 4) Japanska löggjöfin gerði umsækjendum um skirteini kleift að ljúka siglingatíma sínum um borð í skipum þar sem tonnataka og knúningsafl eru undir því sem tilgreint er á skirteininu, sem gefa á út, eða um borð í fiskiskipum eða varðskipum. Til að tryggja að siglingatími af þessu tagi væri viðeigandi fyrir skirteinið, sem sótt var um, og að viðkomandi hafi öðlast alla viðeigandi hæfni á siglingatímanum beittu siglingamálayfirvöld tilteknum viðmiðum um þá umsækjendur sem höfðu lokið tólf mánaða siglingatíma sem hluta af viðurkenndri námsbraut. Á grundvelli greiningar á gögnum, sem japönsk yfirvöld lögðu fram, virtust siglingamálayfirvöld hins vegar ekki hafa tryggt, að því er varðar umsækjendur sem höfðu lokið 36 mánaða siglingatíma, að siglingatími af þessu tagi væri viðeigandi fyrir skirteinið, sem sótt var um, og að viðkomandi hefði öðlast alla viðeigandi hæfni á þessum siglingatíma. Að því er varðar endurnýjun og uppfærslu skirteina allra umsækjenda virtust siglingamálayfirvöld ekki heldur hafa tryggt að siglingatími af þessu tagi væri viðeigandi fyrir skirteinið, sem sótt var um, og að viðkomandi hefði öðlast alla viðeigandi hæfni á þessum siglingatíma.
- 5) Að lokum kröfðust siglingamálayfirvöld þess að umsækjendur, sem hafa að baki 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma innan ramma viðurkenndrar námsbrautar, skuli einnig ljúka viðurkenndri menntun til að geta sótt um skirteini á rekstrarsviði. Hins vegar virðast siglingamálayfirvöld ekki hafa krafist þess að umsækjendur, sem hafa lokið 36 mánaða siglingatíma, skuli einnig ljúka viðurkenndri menntun til að geta sótt um skirteini á rekstrarsviði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 158. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

- 6) Framkvæmdastjórnin sendi japönskum yfirvöldum bréf 5. júní 2014 þar sem hún hvatti þau til að leggja fram nauðsynlegar skýringar á atriðunum, sem vakið var máls á í matinu, með stuðningi viðeigandi gagna. Japönsk yfirvöld sendu svar sitt 4. ágúst 2014.
- 7) Í svari sínu lögðu japönsk yfirvöld fram gögn til að sýna fram á að gæðastaðlakerfið taki nú til allra þeirra ferla sem voru ekki áður hluti af gæðastaðlakerfinu. Yfirvöldin hafa einnig samið drög að nýrri löggjöf og uppfært aðstöðu sína þannig að hún uppfylli staðla sem gilda um námskeiðin „þjörgun mannlífa“ og „slökkvistarfi“ sem voru ekki áður hluti af gæðastaðlakerfinu.
- 8) Að því er varðar sannpröfun siglingamálayfirvalda á því að siglingatíminn sé viðeigandi fyrir skírteinið, sem sótt var um, og að umsækjendur, sem hafa lokið 36 mánaða siglingatíma, hafi öðlast alla viðeigandi hæfni á siglingatímanum ásamt þeim sem sóttu um endurnýjun og uppfærslu skírteina sinna, héldu japönsk yfirvöld því fram að þau beiti viðmiðunum um útgáfu, uppfærslu og endurnýjun skírteina sem varða stærð skipsins, farsvið og verkefni sem hefur verið innt af hendi. Hins vegar kom beiting slíkra viðmiðana ekki nógu skýrt fram í framlögðum upplýsingum.
- 9) Að því er varðar viðurkennda menntun, sem umsækjendur, sem sækja um skírteini á rekstrarsviði og hafa lokið 36 mánaða siglingatíma, þurfa að hafa lokið, héldu japönsk yfirvöld því fram að þeir uppfylltu viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar. Hins vegar kom ekki nógu skýrt fram í framlögðum upplýsingum að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar.
- 10) Jafnvel þótt skýringarnar, sem gefnar voru í tengslum við tvö síðustu atriðin, eyði ekki alveg þeim efasemdum sem upp komu við matið er ekki dregið í efa að Japan uppfylli almennt kröfur STCW-samþykktarinnar um þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.
- 11) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Japan uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.
- 12) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Japan hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.